


Persónuvernd
Rauðarárstíg 10
105 Reykjavík

Akureyri, 10. júní 2020
Tilv.:2020-05-12-0785/4.0

Efni: Tilkynning um notkun rafræns búnaðar við veiðieftirlit Fiskistofu.

Með 2 gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, er Fiskistofu falið að annast framkvæmd laga um stjórn fiskveiða og eftirlit með fiskveiðum, svo sem nánar er kveðið á um í lögum um það efni, einkum lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Samkvæmt ákvæðum þessara laga skal Fiskistofa hafa í þjónustu sinni veiðieftirlitsmenn sem annast eftirlit með fiskveiðum, löndun afla, vigtun hans og skráningu. Einnig skal Fiskistofa annast stjórnsýslu og eftirlit samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði, lögum um fiskrækt o.fl.

Fiskistofa hefur frá upphafi byggt veiðieftirlit sitt fyrst og fremst á mönnum eftirliti þar sem veiðieftirlitsmenn fara um landið eða til sjós með fiskiskípum, fylgjast með því sem þar fer fram og gera skýrslur um störf sín. Eftir því sem tæknivæðing hefur aukist í samfélaginu hafa aðferðir við veiðieftirlit þróast. Meðal annars hefur færst í vöxt að veiðieftirlitsmenn noti rafknúinn vélbúnað til að varðveita upplýsingar sem ætlað er að tryggja að ákvarðanir Fiskistofu byggi á réttum upplýsingum um málsatvik. Til dæmis hafa veiðieftirlitsmenn nota farsíma sem stofnunin leggur til og ljósmyndað vettvang brota, sönnunargögn og mælingar sem þeir framkvæma eða til að taka upp hreyfimyndir af brotum sem þeir hafa orðið varir við. Hefur þetta reynst vel og aukið réttaröryggi málsaðila, enda þyrfti annars að reiða sig á frásagnir veiðieftirlitsmanna eingöngu. Við eftirlit veiðieftirlitsmanna Fiskistofu með fiskveiðum á grunnslóð hafa veiðieftirlitsmenn notast við öflugra sjónauka með búnaði til að festa við þá farsíma til myndatöku. Hefur þessi búnaður verið notaður til viðbótar sjóneftirliti veiðieftirlitsmanna í gegnum sjónauka. Eftirlitið fer þannig fram að tveir veiðieftirlitsmenn koma sér fyrir við strönd nálægt veiðislóðum skipa sem stunda veiðar skammt undan landi. Annar þeirra notar sjónauka og til að hafa með eigin augum eftirlit með því sem fram fer við veiðarnar. Sjái hann brot framið við veiðarnar, gefur hann hinum veiðieftirlitmanninum merki um að kveikja á upptökubúnaði sem festur er við annan sjónauka. Eftir það fylgjast þeir báðir með framvindu atburða uns þeir hafa nægar upplýsingar til að byggja á ákvörðun um hvort brotaskýrsla verði rituð. Þá lýkur eftirlitinu og ef þess er kostur er haft símasamband við þá sem



talið er að myndupptökubúnaðurinn hafi skráð, þeim tilkynnt um vinnsluna og hvernig farið verður með upplýsingarnar sem söfnuðust. Ef brotaskýrsla verður skrifuð, verður upptaka myndefnis vistuð með henni í skjalavistunarkerfi Fiskistofu. Öðrum eintökum verður eytt. Verði brotaskýrsla ekki skrifuð, verður myndefni eytt þegar á stað. Ekkert myndefni er varðveitt utan skjalavistunarkerfis Fiskistofu, hvorki á farsímum, hörðum diskum eða í öðrum gagnahirslum og aðeins verður vistað það myndefni sem nota skal til að tryggja réttaröryggi við töku stjórnvaldsákvarðana um beitingu viðurlaga.

Fiskistofa áformar að taka í notkun lítið, fjarstýrt, rafknúið og ómannað loftfar sem myndavél er fest við. Um nánari lýsingu vísast til fylgiskjals nr. 1. Flugfarið verður notað við tímabundið og óreglulegt eftirlit við veiðiár, veiðivötn, strandlengju og veiðislóð nærri landi, einkum þar sem erfitt er að komast að til eftirlits. Einnig á hafnarsvæðum þar sem fram fer löndun, vigtun og skráning afla. Tækinu verður stjórnað af veiðieftirlitsmanni sem er á viðstaddur og sér myndefni úr myndavél tækisins í beinu streymi frá tækinu, en tækið vistar myndefnið á gagnavistunarmiðli. Fiskistofa telur að þessi framkvæmd feli ekki í sér rafræna vöktun í skilningi laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þar sem eftirlitið er hvorki viðvarandi né verður það endurtekið reglulega. Við eftirlitið kann hins vegar að safnast efni sem telst til persónugreinanlegra upplýsinga og því verður gætt að öllum reglum sem gilda um vinnslu slíkra upplýsinga. Um vörslu, vinnslu og eyðingu myndefnis verður farið að ákvæðum laga nr. 90/2018. Myndefni sem þarf að varðveita í þágu réttaröryggis málsaðila brotamáls verður vistað með gögnum stjórnsýslumáls sem varðar ætlað brot og málsaðili látinn vita af málinu og tilvist myndefnisins. Öllu öðru myndefni verður eytt án ástæðulausra tafa og innan 90 daga.

Með bréfi þessu vill Fiskistofa upplýsa um framangreind atriði og gefa Persónuvernd kost á að gera athugasemdir eða veita leiðbeiningar sem hún telur tilefni til.

F.h. Fiskistofu

Hreiðar Eiríksson



Notkun fjareftirlitsbúnaðar hjá Fiskistofu

Yfirlit yfir eftirlitsbúnað


Fiskistofa hefur í umsjón sinni eftirfarandi fjareftirlitsbúnað/sjónauka.

1 stk canon XA10e upptökuvél með 10x optical zoom

Handsjónauki er í öllum bifreiðum Fiskistofu, samtals 11 stk. Tegundin er **Mistral 10*42 ED** með **Bak-4** prismu. Sjónsvið á 1.000 m. er 129 m.




Eitt stk Spotter SW Acuter DS100A 22x-67x (8-24mm) Zoom



Einnig eru til 2 stk af snjallsímafestingum **HookUPZ 2.0** sem festar eru við sjónaukann og gefur tækifæri til að festa snjallsíma við augngler sjónauka og nota þannig digital aðdrátt snjallsíma eftirlitsmanna af tegundinni Galaxy Note 8 eða Note 10, 12-megapixel standard 26mm wide-angle lens með f/1.7 aperture, Dual Pixel autofocus, og Optical Image Stabilization (OIS) 8x Digital Zoom.

Tenging snjallsíma við sjónauka eykur notagildi þeirra, framlengir sjónsvið og býður upp á möguleika á að taka myndir og myndskleið á vettvangi til öflunar upplýsinga. Ávallt skal eftirlitsmaður vera við sjónauka og fylgjast með á skjá símans þegar upptaka fer fram.

Gerð flygildis er **matrice 200**: með fjarstýringu og upptökumöguleika á SD korti í flygildi. Eftirlit fer fram með áhorfi eftirlitsmanns í gegnum skjá og eða í spjaldtölvu á vettvangi. Myndavél á flygildi er með 30 X optical zoom + 6 X digital zoom.



Reglur sem gilda um notkun fjareftirlitsbúnaðar í landi

Fiskistofa skal tilkynna á vefsíðu sinni að eftirlit með veiðum, löndun og vigtun sjávarafla verði viðhaft með rauntímanotkun og áhorfi eftirlitsmanna í gegnum fjareftirlitsbúnað svo sem með kíkjum og flýgildum eftir því sem við á. Við notkun eftirlitsmyndavéla þarf að fara að reglum nr. 837/2006 um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun. Persónufulltrúi Fiskistofu mun yfirfara notkunarreglur árlega.

Deildarstjóri landeftirlits ákveður í samráði við eftirlitsmenn að farið sé í eftirlit með fiskiskipum, hafnarsvæðum eða móttakendum sjávarafla úr fjarlægð.

Reglur um notkun fjareftirlitsbúnaðar við eftirlit með veiðum

Við eftirlit með veiðiskipum skal við eftirlit nota til stuðnings sjónauka eða flygildis til glöggvunar á aðstæðum og til að sjá betur þegar veiðarfæri eru dreginn um borð eða lögð í sjó.

Hafi eftirlitsmaður grun um að veiðarfæri séu ólögleg, skip stundi skaðlegar veiðar eða grunur er um brottkast á afla eða til að fylgjast með aflaskráningu skal skrifa niður tíma atviks og staðsetningu þaðan sem eftirlitið fer fram. Eftirlitsmaður skal afla gagna með myndatöku eða upptöku myndskaiða af vettvangi.

Ávallt skal eftirlitsmaður vera við fjareftirlitsbúnað og fylgjast með á skjá símans, fartölvu eða flygildis þegar upptaka fer fram.

Gæta skal að því sjónauki og upptökubúnaður sé stöðugur til að gæði upptöku sé góð. Sömuleiðis skal gæta að því að ekki séu samræður í gangi þegar myndupptaka fer fram og að dagsetning og tími upptökutækis sé rétt og skal miða við staðartíma GMT.

Eftirlitsmaður skal skrá niður tímasetningu frávíka td. brottkast, bauju vantar o.s.frv. á eyðublað (atvikaskráning fjareftirlits)

Myndskeið og myndir skal nota til stuðnings við brotaskýrslu og til rannsóknar á ætluð broti.

Gerð brotaskýrslu (sjá leiðbeingar um gerð brotaskýrslu)

Í brotaskýrslu skal auk þeirra upplýsinga sem eru annars settar í brotaskýrslu koma fram eftirfarandi upplýsingar:


- Hvers konar fjareftirlitsbúnaður var notaður
- Staðsetning eftirlitsmanns við fjareftirlit
- Tímaskráning þegar upptaka byrjar og endar
- Ítarleg lýsing á hverju atviki fyrir sig (tími, fjöldi o.s.frv.)
- Hvoru megin skips gerandi var, þ.e. bakborðs/stjórnborðsmegin, við spil eða netarúllu o.s.frv.
- Einkenni t.d. litur sjóklæða
- Tegund afla hafi verið varpað fyrir borð (bolfisk eða flatfisk, fuglum og spendýrum) og hvort verið var að draga veiðarfæri eða leggja það eða að því hafi verið lokið.
- Lýsing á því hvort og þá hvert afla/ílátum var ekið og að hvaða húsnæði. Þá skal koma fram lýsing á ökutæki (litur eða skráningarnúmer)
- Fjarlægð frá eftirlitspunkti og að viðfangefni og yfirlitsmynd af ferli skips ef við á
- Afstöðumynd/loftmynd af hafnarsvæði ef við á

Það sem er hér að neðan þarf að skoðast vel en þetta eru almennar reglur og fengnar á síðu samgöngustofu

Almennar reglur

10 atriði sem huga þarf að þegar kemur að rafrænni vöktun með eftirlitsmyndavélum:

1. Tilgangur vöktunar verður að vera skýr, málefnalegur og lögmætur, t.d. að koma í veg fyrir þjófnað eða að tryggja öryggi manna og eigna.
2. Gæta þarf meðalhófs og ekki má ganga lengra heldur en þörf krefur til að forðast óþarfa íhlutun í einkalíf þeirra sem sæta vöktuninni.
3. Nauðsynlegt er að fræða þá sem eru á vöktuðum svæðum, t.d. starfsmenn eða nemendur, um vöktunina. Einnig þarf að gera viðvart um vöktunina með merki eða á annan áberandi hátt.
4. Vöktun sem fer fram til að mæla vinnu og afköst starfsmanna er háð ströngum skilyrðum.
5. Myndefni skal aðeins skoða ef sérstakt tilefni er til þess og bara af þeim sem hafa heimild til þess.
6. Ekki má geyma myndefni lengur en í 90 daga nema í sérstökum tilvikum, t.d. með heimild í lögum.
7. Þegar eftirlitsmyndavélar eru nettengdar þarf að tryggja að óviðkomandi hafi ekki aðgang að myndefni þeirra.
8. Opinber birting á myndefni, t.d. á Netinu, er óheimil nema með samþykki þeirra sem eru á upptökunni. Það má alltaf afhenda lögreglu myndefni.
9. Sá sem er vaktaður á rétt á að skoða gögnin, t.d. upptökur sem verða til um hann, nema hagsmunir annarra vegi þyngra.
10. Rafræn vöktun með leynd er bönnuð, nema hún styðjist við lög eða úrskurð dómara.





Fiskistofa
Dalshrauni 1
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 2. júlí 2020

Tilvísun: 2020061886/GIÁ

Efni: Svar við tilkynningu Fiskistofu um notkun rafræns búnaðar við veiðieftirlit.

Persónuvernd vísar til erindis Fiskistofu, dags. 10. júní 2020, þar sem tilkynnt er um notkun rafræns búnaðar við veiðieftirlit og Persónuvernd gefinn kostur á að tjá sig um fyrirhugaða vinnslu og veita leiðbeiningar ef hún telji tilefni til.

Í erindi Fiskistofu segir að með lögum nr. 36/1992 um Fiskistofu sé stofnuninni falið að annast framkvæmd ýmissa laga um stjórn fiskveiða og að hafa eftirlit með fiskveiðum, einkum á grundvelli laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, lögum nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Í erindinu segir að Fiskistofa byggji veiðieftirlit sitt fyrst og fremst á mönnuðu eftirliti þar sem veiðieftirlitsmenn fari um landið eða til sjós með fiskiskípum og fylgist með því sem þar fer fram og geri skýrslum um störf sín.

Í bréfi Fiskistofu segir að veiðieftirlitsmenn notist við raflknúinn vélbúnað til að varðveita upplýsingar sem er ætlað tryggja að ákvarðanir Fiskistofu byggji á réttum upplýsingu um málsatvik. Fram kemur að veiðieftirlitsmenn notist við farsíma til að ljósmynda vettvang brota, sönnunargögn og mælingar sem þeir framkvæma auk þess sem þeir hafi notast við öflugra sjónauka með búnaði til að festa þá við farsíma til myndatöku. Í þeim tilvikum þar sem brotaskýrsla er skrifuð er myndefni vistað með henni í skjalavistunarkerfi Fiskistofu og öðrum eintökum eytt. Ef brotaskýrsla er ekki skrifuð er myndefninu eytt þegar í stað. Það myndefni sem verður til er einungis varðveitt í skjalavistunarkerfi Fiskistofu og eingöngu í þeim tilgangi að tryggja réttaröryggi við töku stjórnvaldsákvarðana um beitingu viðurlaga.



Einnig segir að Fiskistofa áformi að taka í notkun dróna sem notaður verði við tímabundið og óreglulegt eftirlit við veiðilár, veiðivötn, strandlengju og veiðislóð nærri landi, einkum þar sem erfitt er að komast að til eftirlits, og á hafnar svæðum þar sem fram fer löndum, vigtun og skráning afla. Fram kemur að tækinu verði stjórnað af veiðieftirlitsmanni sem er viðstaddur og sér myndefni úr myndavél tækisins í beinu streymi frá tækinu. Fram kemur að það sé mat Fiskistofu að þessi framkvæmd feli ekki í sér rafræna vöktun í skilningi laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga þar sem eftirlitið er hvorki viðvarandi né verði það endurtekið reglulega.

1.

Öll vinnsla persónuupplýsinga þarf að fara fram á grundvelli heimildar í 9. gr. laga nr. 90/2018. Í því tilviki sem hér um ræðir kemur helst til skoðunar að vinnslan sé heimil á grundvelli framangreindra 3. eða 5. tölul. ákvæðisins, þ.e. að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil til að fullnægja lagaskyldu sem hvíli á ábyrgðaraðila annars vegar og hins vegar að vinnsla sé nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili fer með.

Ef vinna á með persónuupplýsingar um refsiverða háttsemi þarf jafnframt að gæta að skilyrðum 12. gr. laga nr. 90/2018. Í 1. mgr. 12. gr. segir að stjórnvöld megi ekki vinna með upplýsingar um refsiverða háttsemi nema það sé nauðsynlegt í þágu lögbundinna verkefna þeirra. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar að þeim upplýsingum megi ekki miðla nema að vissum skilyrðum uppfylltum.

Við mat á því hvort framangreind ákvæði teljast uppfyllt getur þurft að líta til annarra laga. Í því sambandi bendir Persónuvernd á að í IV. kafla laga nr. 57/1996 segir að brot gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim geti varðað sviptingu veiðiréttinda, sektum eða fangelsi, hvort sem þau eru framín af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að sex árum. Er því ljóst að fyrirhuguð framkvæmd getur haft í för með sér vinnslu persónuupplýsinga um refsiverða háttsemi.

Líkt og að framan greinir er Fiskistofu með lögum að fylgjast með framkvæmd laga um stjórn fiskveiða og að hafa eftirlit með fiskveiðum, þ. á m. að hafa eftirlit með vigtun og löndun afla og beita einstaklinga og lögaðila viðurlögum vegna brota á lögnum, sbr. IV. kafla laga nr. 57/1996. Með hliðsjón af framangreindu er það því mat Persónuverndar að vinnsla Fiskistofu á upplýsingum um refsiverðan verknað á þann hátt sem er lýst í erindi Fiskistofu geti fallið undir lögbundið hlutverk stofnunarinnar.

Þá ber ábyrgðaraðila skylda til að veita hinum skráða fræðslu um tiltekin atriði þegar persónuupplýsinga er ekki aflað frá honum, s.s. um heiti ábyrgðaraðila, tilgang vinnslu og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja sanngjarna og gagnsæja vinnslu, sbr. 1. og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Ábyrgðaraðila ber þó ekki skylda til að fræða um vinnsluna ef skýrt er mælt fyrir um öflun eða miðlun upplýsinganna með lögum, sbr. c-lið 5. mgr. sama ákvæðis.

Persónuvernd bendir þó á þær skyldur sem hvíla á ábyrgðaraðila samkvæmt 29. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Þar segir m.a. að ef „líklegt er að tiltekin tegund vinnslu geti haft í för með sér mikla áhættu fyrir réttindi og frelsi einstaklinga, einkum þar sem beitt er nýrri tækni og með hliðsjón af eðli, umfangi, sambengi og tilgangi vinnslunnar, skal ábyrgðaraðili láta fara fram mat á áhrifum fyrirhugaðra vinnsluáðgerða á vernd persónuupplýsinga áður en vinnslan hefst“. Er í þessu sambandi einnig vísað til auglýsingar nr. 828/2019 um skrá yfir vinnsluáðgerðir sem krefjast ávallt mats á áhrifum á



persónuvernd en hana er að finna á vefsíðu Persónuverndar undir flokknum „Lög og reglur“. Persónuvernd leiðbeinir Fiskistofu um að meta þarf hvort stofnuninni beri að framkvæma slíkt mat á áhrifum á fyrirhugaðra vinnsluáætla á vernd persónuupplýsinga.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við þá vinnslu persónuupplýsinga sem fram kemur í erindi Fiskistofu að svo stöddu. Athygli er vakin á því að ekki er tekin efnisleg afstaða til þeirrar vinnslu sem lýst er í erindi Fiskistofu og að Persónuvernd áskilur sér rétt til að taka vinnsluna til frekari skoðunar síðar telji hún tilefni til, s.s. ef stofnuninni berast frekari upplýsingar eða kvörtun vegna vinnslunnar.

F.h. Persónuverndar,

